

## FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72/2013, um skiptingu starfa ráðherra,  
sbr. forsetaúrskurði um breytingar á þeim úrskurði nr. 90/2014 og nr. 116/2014.

FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er hér með gerð eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði nr. 72/2013, um skiptingu starfa ráðherra, sbr. forsetaúrskurði um breytingar á þeim úrskurði nr. 90/2014 og nr. 116/2014.

1. gr.

6. gr. úrskurðarins orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.*

**Sigrún Magnúsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið skv. 6. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *umhverfis- og auðlindaráðherra*.

2. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 31. desember 2014.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.*